



Árnesi, 11. nóvember 2024

Verkfundur nr. 5 – íþróttamiðstöð í Árnesi

Mætt til fundar:

Haraldur Þór Jónsson oddviti, Sigurður Unnar Sigurðsson, Ingvar Þrándarson og Sýlvía Karen Heimisdóttir

Haraldur Þór Jónsson ritaði fundinn. Fundur sett kl. 13:00.

1. Framleiðsla á límtréshúsi m/yleiningum.

Sveitarstjórn samþykkti á sveitarstjórnarfundum 6. nóvember að taka tilboði LímtréVírnet í framleiðslu á húsinu. Sigurður Unnar og Haraldur eiga fyrsta verkfund með Límtré þriðjudaginn 12. nóvember þar sem farið verður yfir næstu skref og undirbúnings á samningi á grundvelli tilboðsins sem kom frá LímtréVírnet. Vinna þarf tímalínu í samræmi við skilmála útboðsins.

2. Staðan á jarðvinnu

Vinna við púðann er í góðum gangi og er áætlað að staðan verði í lok vikunnar þannig að hægt verði að hefja uppslátt.

3. Niðurstaða útboða iðnmeistara

Útboð iðnmeistar var opnað mánudaginn 4. nóvember. Öll tilboð voru undir kostnaðaráætlun og er verið að vinna í staðfestingu bjóðenda á því hvort þeir uppfylli hæfniskröfur. Í framhaldi af því verður val á tilboðum lagt fyrir sveitarstjórn miðvikudaginn 20. apríl.

4. Næstu útboð

Næsta útboð verður á steypu, járni og einangrun. Útboðin sem koma svo í framhaldi af því er reisning á húsinu og loftræstikerfi í húsið.

5. Vinnusvæðið

Haraldur kannar stöðuna á hvar best sé að taka vinnurafmagn fyrir svæðið og kemur því í ferli. Einnig mun Haraldur vinna minnisblað um fráveitumál sem þarf til að uppfylla kröfur fyrir húsið og reikna út persónueiningafjölda fyrir húsið.

Fundi slitið kl. 14:00.

Haraldur Þór Jónsson
Sigurður Unnar Sigurðsson
Ingvar Þrándarson
Sýlvía Karen Heimisdóttir